

Stjórnarfundir DÍS júní 2018 til ágúst 2022

frá stjórn: Stjórnarfundir á tímabilinu á meðan covid stóð yfir voru óreglulegri en árin á undan og fundargerðir stundum ekki skrifaðar, en fjöldi vinnu- og framvindufunda haldinn með stjórn og undir það síðasta haldnir um netið. Flestir stjórnarmenn fluttu eða voru fluttir erlendis á tímabilinu. Miklar framkvæmdir stóðu yfir við og í húsnæði DÍS á Grensásvegi 12A á seinni hluta árs 2018 og félagið flutti yfir á Grensásveg 8 í byrjun árs 2019 en missti starfsmann sinn á svipuðum tíma. Nánar er fjallað um þessi mál í ársýrslu stjórnar. Hér er samansafn þeirra fundargerða sem voru ritaðar:

Fyrsti stjórnarfundur DÍS 2018-19, 28. september kl. 14-16:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri (um netið), Ragnheiður meðstjórnandi. Benedikt og Sif boða forföll. Hallgerður ritar fundargerð. Borist hefur úrsögn úr stjórn, en Hanna Arnórsdóttir meðstjórnandi biðst lausnar vegna anna. Skv lögum félagsins verður kosið í stöðu hennar á næsta aðalfundi.

Fundur hefst kl. 14:35

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Starfskandídat kom í heimsókn á sjötta fundi og stjórnin ræddi við hann. Engin fundargerð var rituð á þeim fundi.

2. Praktísk mál

Farið yfir framvindu sumarsins, enda var nýr starfsmaður ráðinn, Anna Ellen. Hallgerður hefur lóðsað Önnu inn í föst verkefni og málefni félagsins í sumar, farið yfir: Öll lög tengd dýrum lesin. Skoða önnur félagasamtök tengd dýravelferð. Launamál og vinnutími. Fundargerðir DÍS gamlar og nýjar. Skjöl og skjalavinnsla. Vinna fyrir önnur félagasamtök og dýraverndarstarfsemi. Félag um velferð smádýra, aðstoð við stofnun. Tölvupóstur. Sími. Félagaskrá. Facebooksíða. Heimasíðan. Gátlisti starfsmanns. Tímar vinnu, mæting. Fjármál, samhæfing við gjaldkera. Blaðgreinar. Miðlun. Verkefni HR. Símtöl utan vinnutíma. Gamli starfsmaðurinn (Hallgerður) fer af launaskrá 30 sept og þá er eftir hennar vegna uppgjör vegna sumarleyfisréttar og desemberuppbótar. Ferðastyrkir til handa stjórnarmönnum af landsbyggðinni: fólk sér sjálft um að koma sér ef vegalengd er innan 50 km að húsnæði DÍS. Fyrir 50-100 er greiddur ferðastyrkur að upphæð 5000 gegn nótu, óháð ferðamáta. Fyrir 100-300 km vegalengd eru greiddar 10.000 og yfir 300 km 15.000. Átt er við báðar ferðir, þe. styrkurinn er greiddur einu sinni vegna fundarins. Að hámarki eru veittir 10 styrkir á ári á stjórnarmann.

Fimm fundir settir niður fram að jólum.

Dýravelferðarmál sem eru rædd og mögulega framundan, en bæst getur við listann síðar:
Hvalir í Vestmannaeyjum. Undirskriftarsöfnun vegna umönnunar villikatta í samstarfi við önnur félög. Hugsanlegt samstarf við Landsbjörgu með fræðslu fyrir börn um umgengni við hunda. Söfnunarmál. Dýraverndarinn. Viðburður: söfnunaráttaksmálþing. Annars ath annað. Minkahundar og sveitafélög. Minkar (ályktur vegna minkabænda). Sporna gegn drekkingu á minkum. Umboðsmaður alþingis. Gæludýr í leiguhúsnæði. Fiskeldi. Þyngd knapa og reiðmennska. Halda áfram með hreindýramál. Hvalveiðar. Sjóðamál félagsins og skráningarmál. Bogagildirur. Pauleldi. Veiðar á hröfnum, áhyggjur fuglafræðinga. Tilraunadýr. Bréf til sveitafélaga. Gæludýr og sveitafélög. Roundupnotkun sveitafélaga. Eitranir í görðum og gæludýr / lífkerfið.

Höldum áfram með uppbyggingu fyrir veturinn á næsta fundi.

Fundi slitið 17:20

Aðrir viðburðir: mögulegur fundur með fulltrúum persónuverndar og öðrum líkum félagasamtökum vegna nýju persónuverndarlaganna. Fundur með Miðlun. Málþing. Opið hús. Vísindaferð (ath með að bjóða).

Stjórnarfundur DÍS 11. okt 2018 kl. 18-20:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Ragnheiður meðstjórnandi (um netið), Sif meðstjórnandi (um netið). Benedikt ritari boðar forföll. Anna Ellen starfsmaður situr fundinn. Hallgerður ritar fundargerð.

Fundur hefst kl. 18:10

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2 Starfsmaður, samtal og kynning

Heimasíða, söfnunarverkefni og fleira. Guðlaug verkefnisstjóri formi fastráðningu í samvinnu við formann og lagt fyrir stjórn. Guðlaug handleiðsla fyrr Önnu samþykkt einu sinni í haust og einu sinni í vor. Sjá til með framhald.

3 Praktísk mál, blaðagreinar og fastir liðir

Fiskeldi, ákveðið að vinna að grein eða greinum um það. Almennar greinar, rætt. Miðlun, halda fund með þeim og kynna starfsmann. Samþykkt að formaður hafi samband við Hauk Gunnarsson endurskoðanda og óski eftir að hann skrifi greinargerð um hvernig staðið var að afskrift krafna sem félagið átti árið 2015-16 upp á tvær milljónir.

4 Málefni vetrarins

Málþing í tengslum við söfnun, stefna á þegar Sif er á landinu sem dýraatferlisfræðingur svo hún geti lagt til sína þekkingu. Nánar síðar.

Undirskriftarsöfnun um áskorun um að gerð verði reglugerð vegna villikattasamfélaga, rætt og ákveðið að hefja undirbúning og koma af stað fljótlega.

Söfnun: Anna kynnti .

5 Önnur mál

Guðfinna fer í að kynna sér tilhögun og áhuga Landsbjargar á samvinnu um forvarnir gegn hundabítum og fræðslu um góða meðferð hunda.

Lista þarf upp öll leigufélög og gera kröfu um leyfi fyrir dýrahaldi að fengnu eðlilegu samþykki íbúa í hlutföllum sem áskilin eru með lögu. Blaðgrein um fyrri mál VR og brýningu á að leyft verði dýrahald hjá leigufélögum, bæði opinberum og einkafélögum.

Rætt um hundahólf, þar sem lausaganga hunda er leyfð í þéttbýli, framvindu og framtíð þeirra.

Fundi slitið 19:40

Næstu fundur er boðaður 25. okt kl. 20-22:30

Stjórnarfundur DÍS 15. nóvember 2018 kl. 18-21:30

Boðaður fundur 25. okt féll niður. Mættir nú Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri (um netið), Ragnheiður meðstjórnandi (um netið). Ekki vitað um Benedikt. Sif boðar forföll. Anna Ellen starfsmaður situr fundinn. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 18:15

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Hún er samþykkt með lítilsháttar lagfæringum.

2. Praktísk mál, blaðagreinar og fastir liðir

Hugsanlegir aukafundir annað hvort 20. nóv eða 6. des ef þarf. Finna þarf fjarfundarbúnað

þar sem unnt er að varpa til fjarfundagesta því sem sýnt er á skjá tölvu. Anna ætlar að skoða það mál. FEIF bréf er tilbúið á ensku og verður sent þegar búið er að ná sambandi við móttakanda. Stjórnarmenn fá bréfið sem fylgiskjal með þessari fundargerð.

3. Fiskeldi framhald og grein lögð fram til vinnslu

Rætt um greinina og gagnaöflun við hana og ákveðið að fjalla nánar um á næsta fundi. Undirbúningur gengur vel. Reiknað með að það verði 3-5 greinar.

4. Undirskriftarsöfnun vegna villi- og vergangskatta

Hallgerður hefur safnað upplýsingum til að setja í rökstuðning og mun koma með tillögu á næsta fundi með stuttri yfirskrift og dýpri greinargerð. Anna hefur leitað að undirskriftarsöfnunarkerfi og fundið eitt sem er hæfilegt. Mögulegt er að hafa undirskriftarsöfnunina á síðunni okkar og er komið upp form fyrir því, en eftir er að forma útlit betur. Ath undirskriftarsafnanir á blöðum á dýralæknastofum? Áriðandi að skrifa grein til áhersluauka og einnig kynna fyrir fjölmiðlum. Ath mögulega samvinnu við önnur félög, formlega eða óformlega.

5. Hundur barinn með hjóli/ kærur

Haft var samband við félagið. Samvinna: ath fund með lögreglu, e.t.v. kynning í kjölfarið.

6. Söfnun

Söfnunarverkefnið er tilbúið frá hópnum hjá HR, Anna og Hallgerður fínvinna og leggja fyrir stjórn, væntanlega á næsta fundi. Spurning um samhæfingu við Miðlun, þarf að skoða. Fundur verður með miðlun þann 29. Nóvember, Hallgerður og Anna fara. Ath geldingarátak í tengslum við söfnum.

7. Önnur mál

Umhverfismál: Ákveðið að biðja Benna að leiða mótun stefnu þar sem dýravelferð og umhverfismál fara saman, með aðstoð starfsmanns, formanns og etv fleiri aðila. Ath hugsanlega vinnu við breytingar á lögum um hollustuhætti í samhengi við dýrahald. Fyrirspurn vegna harkalegrar meðferðar á hvolpi á hundanámskeiði, hvort sú meðferð sé boðleg, ákveðið að safna gögnum. Taka þurfi einnig upp samtal við sveitafélögin um að einungis verði tekin gild þau námskeið til lækkunar hundaleyfisgjalda, sem hafi skýra stefnu um að einungis sé notuð viðurkennd jákvæð styrking við tamningu hunda. Jafnframt þarf að vekja athygli almennings á að sumsstaðar eru notaðar slæmar aðferðir við að „temja“ hunda.

Fundi lýkur 19:40.

Stjórnarfundur DÍS 2018-19, 29. nóvember kl. 18-21:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri (um netið), Ragnheiður meðstjórnandi kemur kl. 19 (um netið). Ekki vitað um Benedikt og Sif. Anna Ellen starfsmaður situr fundinn.

Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 18:15

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Hún er samþykkt með lítilsháttar lagfæringum.

2. Praktísk mál, blaðagreinar og fastir liðir

Bréfið til FEIF er tilbúið og verður sent eftir fundinn á íslensku og ensku. Hallgerður talaði við kaupendur húsnæðisins og verður reynt að ganga frá afsali fyrir áramót ef unnt er, en illa hefur gengið að fá brunaeftirlitið til að samþykkja teikningarnar að breytingum á húsinu, sem borgin er þó búin að samþykkja.

3. Undirskriftarsöfnun vegna villi- og vergangskisa, textavinna.

Tillaga Hallgerðar lesin og framunnin, verður sett upp á undirskriftarsöfnunarformið og lagt fyrir stjórn aftur. Athugað verði að leggja fyrir önnur félagasamtök fyrir birtingu og jafnvel fá þau til að ljá þessari undirskrift lið.

4. Málþing og söfnunarmál. Greint frá fundi með Miðlun, Miðlun fór yfir framvindu síðasta árs og kom með tillögur að næstu skrefum. Tillagan var að fá að fara í úthringingar út frá gögnum tengdum félaginu og það lagt fyrir stjórn. Jafnframt að útbúinn verði almenn undirskriftarsöfnun með stuðningsyfirlýsingu fyrir starf DÍS sem verði haldið opinni í eitt til tvö ár og safnað almennum stuðningshóp við það. Lagt fyrir stjórn. Ákveðið að samþykkja hvorutveggja ef lítið er á hvorutveggja sem volga lista og að DÍS sjái um uppsetningu á undirskriftarsöfnun (tæknilega og áskriftarlega). Ákveðin var hámarksupphæð fyrir Miðlun varðandi fyrra verkefnið og sjá til með árangur undirskriftarsöfnunar á síðari hluta árs 2019. Rætt um mikilvægi þess að fá styrktaraðila í ljósi þess að þeir eru grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri á félaginu.

Hallgerður og Anna leggja tillögu/námsverkefni Önnu fyrir stjórn á næsta fundi (áætlað) um hvernig staðið verði að málþingi og styrktaröflun í kjölfarið.

(Guðfinna vísar af fundi kl. 19:00. Ragnheiður kemst ekki á fundinn um netið vegna tæknivandamála/rafmagnsbilunar. Fundarhlé. Ólokin dagskrá verður tekin upp á næstu fundum)

Vinnufundur stjórnar DÍS var haldinn 13. desember og þar nánar útfærð áður samþykkt mál. Á þann fund mættu Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Ragnheiður og Sif meðstjórnendur. Allar fjórar sátu fundinn í gegnum netið.

Næsti stjórnarfundur er þann 20. desember 2018 kl. 19:30

Fimmti stjórnarfundur DÍS 2018-19, 20. desember kl. 18-21:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Sif um netið, Benedikt boðaði forföll og Ragnheiður meðstjórnandi einnig. Anna Ellen starfsmaður situr fundinn. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 19:45

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Hún er samþykkt með lítilsháttar lagfæringum.

2. Blaðgreinar, bréf og samskipti félagsins.

Samið þakkar- og framvindubríf til styrktaraðila félagsins sem verður sent eftir áramót. Hallgerður leggur fram blaðgrein vegna undirskriftarsöfnunar í þágu villikisa, hún er framunnin af stjórn og Hallgerður klárar og sendir á stjórn.

3. Praktísk mál og fundir eftir áramót.

Hallgerður og Anna gengu frá samningi við fyrirtæki sem leigir út hugbúnað vegna undirskriftasafnanna og verðu hægt að halda úti fleiri slíkum. Stjórn samþykkir að kaupa nýjan skrifborðsstól fyrir skrifstofuna. Það vantar nýjan síma með virkum númerabirti og tengi fyrir handfrjálstan búnað fyrir skrifstofuna og Hallgerður og Anna finna þannig síma og fá samþykki á næsta fundi.

4. Verkefni söfnun, kynnt

Anna kynnir fyrir stjórnarmönnum (styttu útgáfu) lokaverkefni hjá námshópi hjá HR, með tillögu að söfnun styrktaraðila fyrir félagið. Stjórnarmenn lesa skjalið yfir og verður farið í það

aftur eftir áramót. Hugmyndin er að safna styrktaraðilum með markvissum hætti í tiltekinn tíma, til að skapa góðan rekstrargrundvöll fyrir félagið.

5. Hjálparsjóður dýra.

Eitt af þrem markmiðum með söfnun telst stofnaður frá fyrstu úthlutun. Búið að ákveða að úthluta til kattaverndarmála að þessu sinni. Þurfum að útfæra form fyrir umsóknir og ferlanir á þeim. Hafa staðlað form á því, hvaða upplýsinga er krafist og halda fjarlægð á stjórn gagnvart kunningjatengslum, ath form eftir hvort um er að ræða félagasamtök eða einstaklinga ofl. Halda áfram að taka ákvarðanir árlega um dýraverndara ársins? Halda áfram að taka ákv um styrki?

6. Hvaða búfjáreldi langar okkur að fara að skoða betur?

Rætt um egghænur, kjúklinga, svínarækt og minkahald. Á næstu fundum verður eitt af þessu dýrahaldi valið og byrjað að vinna.

7. Önnur mál.

Hvalir og hollustulög. Vísindagreinar. Engin önnur mál að þessu sinni.

Fundi er slitið kl. 21:56

Sjötti stjórnarfundur DÍS 2018-19, 17. janúar kl. 18-21:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Sif meðstjórnandi, Ragnheiður meðstjórnandi og , Benedikt boðaði forföll. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 18:30

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Praktísk mál, blaðagreinar og samskipti. Klárað að framvinna grein vegna undirskriftarsöfnunar, verður send. Unnið að grein vegna lagaumhverfis fiskeldis. Kláruð á milli funda. Rætt um Miðlun og söfnun.

3. Búfé, þauleldi, framhald. Ákveðið að einbeita kröftum félagsins að egghænum til að byrja með. Önnu verði falið að afla gagna. Stefna ákveðin í framhaldi. Rætt að halda opinn félagafund um tilvist og velferð egghæna og fá innslag frá félögum og almenningi.

4. Fiskeldi og hvalir. Semja stutta tilkynningu og lýsa áhyggjum af þeim sjónarmiðum að líta

á eyðingu hvala sem hagkvæma leið til að afla meira fjár við fiskveiðar. Teljum ekki verjandi að leggjast í dráp á hvölum með því markmiði.

5. Sveitafélög og gæludýr. Mismunandi er á milli sveitafélaga hvaða réttindi hundaeigendur hafa, t.d. hvað varðar að fá skapgerðarmat og hvenær má aflífa hunda, hvaða aðilar eru valdir til að framkvæma atferlismatið, hvaða hæfi þeir þurfa að hafa og fleira. Það þurfi að setja reglugerð sem samræmi betur stöðu og réttindi fólks með dýr á milli sveitafélaga. Mjög er einnig mismunandi hvaða sveitafélög eru með dýraeftilitsfólk, hvað það fólk gerir og gerir ekki, hvaða aðstæður eru til að geyma óskiladýr ofl.ofl. Við teljum rétt að líta svo á að gera þurfi lagabreytingu og í kjölfarið reglugerð sem samræmi þessar reglur betur. Einnig varðandi hvað samþykktir hundaskólar þurfa að standa fyrir og faglegar kröfur til stjórnenda þeirra, þegar kemur að því að sveitafélög veita afslátt af hundaleyfisgjöldum. Það er mikið misræmi og margt úrelt og gamalt. Það þarf að afla gagna, bera saman reglur, greina vanda og jafnvel vinna skýrslu. Fara í kjölfarið í kynningu og kröfugerð. Þetta er langhlaup.

6. Söfnun, framhald. Stjórnarmenn skoða skjalið sem fylgdi síðasta fundarboði.

7. Undirskriftasöfnun, framhald. Sif ætlar að aðstoða við að búa til auglýsingu á facebook, Hallgerður gerir hana að admin. Kanna verð á útvarpsauglýsingum / tilkynningu á Rúv.

8. Önnur mál.

Ekkert sérstakt var rætt undir önnur mál.

Fundi slitið.

stjórnarfundur DÍS 21. febrúar 2019 kl. 19:00-21:30

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Sif meðstjórnandi og Ragnheiður meðstjórnandi um netið. Ekki vitað um Benedikt ritara. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 19:15

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt.

2. Praktísk mál og starfsmannahald. Anna starfsmaður er hætt, vegna persónulegra ástæðna sem komu upp hjá henni. Starfslok verða gerð upp samkvæmt kjarasamningum.

Næstu skref: prufa að fá fólk í verktöku í einstök verkefni. Halda sjó fram að næsta aðalfundi. Ath með laun stjórnarmanna í öðrum félögum og samhengi við virkni þeirra. Hringja og óska eftir fundi með kaupendum að Grensásvegi 12A. Fara í uppgjör og fá aðstoð lögmanns ef þess þarf. Samþykkt að verja 60 þús í tilkynningar hjá RÚV vegna undirskriftarsöfnunar fyrir yfirgefnar kisur.

3. Blaðagreinar og bréf. Grein Hallgerðar um hvali framunnin og samþykkt. Svarbréf frá FEIF lesið og svar rætt. Skrifa þarf almenna grein um íslenska hesta.

4. Næstu skref í fyrirhuguðum málum. Rætt hvernig er hægt að nálgast þá staðreynd að farið er illa með íslenska hesta í sýningum og keppni og hvernig hægt sé að nálgast undirliggjandi viðhorf um hversu mikið er í lagi að bjóða þeim. Upplýsa þarf almenning um þessi mál og þrýsta á hestaheiminn um betri meðferð. Senda fyrirspurn á háskólana vegna dýravelferðar. Nota nálgun í anda jákvæðrar styrkingar þar sem fólk er upplýst fremur um hvað sé hægt að gera vel. Matvælastofnun og andi laganna: það þarf að brýna stofnunina til að sýna að hún leitist við að starfa í anda laganna og samkvæmt markmiðum þeirra. Ath að fá verktaka til að taka saman helstu rannsóknir um velferð egghæna. Tala við HÍ og ath hvort nemi þar gæti tekið þetta sem ritgerðarefni.

5. Önnur mál

Framhald á villkisumálum rædd. Framhald á hundarækt sem er andstæð velferð hunda og að ræða þurfi við HRFÍ og biðja um upplýsingar um stefnu þeirra varðandi velferð hunda. Þar til dæmis kröfur um heilsufarsástand til ræktunar og jafnvel ólíkar kröfur á milli hundategunda.

Fundi slitið 21:30

Stjórnarfundur DÍS 22. ágúst 2019 kl. 18:30-21:00

Mættir Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Sif meðstjórnandi og Ragnheiður meðstjórnandi, allar um netið. Benedikt ritari boðar forföll. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst kl. 18:45

1. Fundargerð síðasta fundar.

Hún er framunnin og samþykkt.

2. Praktísk mál; staða á flutningum, Miðlun ofl..

Búið er að gera upp að fullu við Önnu starfsmann eftir að hún hætti vegna veikinda. Leitað var að nýjum starfsmanni og fannst, Lilja tók til starfa í júlí.

Eftir fund með kaupendum að helming eignar DÍS (skv fyrri samningi) þar sem sú vonda staða var komin upp að ekki var unnt að ganga frá sölunni – nema DÍS samþykkti að skrifa undir að bílastæðum við húsið yrði fækkað úr 17 í 6 fyrir allt húsið (að kröfu Reykjavíkurborgar) – var ákveðið að fara í makaskipti á eignum til að losna út úr vondri pattstöðu. Það blasti við stjórn DÍS að húsnæði félagsins væri ónothæft með svo til engum bílastæðum og fyrirséð að enn meiri skortur yrði á bílastæðum við húsið, þegar fólk flytur í íbúðirnar sem eru í byggingu í framhúsinu. Kaupendur buðu DÍS að fá rúmlega 100 fm húsnæði í sinni eigu á efstu hæð að Grensásvegi 8 gegn heildareign DÍS að Grensásvegi 12A auk þeirra 10 milljóna sem áður voru greiddar skv fyrri samningi, gegn því að niður félli sú 1,6 milljón sem þeir áttu eftir að greiða skv fyrri samningi. Fyrri samningur var um kaup á aðeins helming húsnæðisins að Grensásvegi 12A. Gekk stjórn DÍS að því tilboði eftir skoðun á húsnæðinu að Grensásvegi 8, með einróma samþykki allra stjórnarmanna. Stjórn DÍS telur þetta mjög hagstæðan samning enda gnægð bílastæða við húsið og húsnæðið gott. Búið er að ganga frá kaupsamningi, en Lilja starfsmaður sá um það enda löggiltur fasteignasali. Flutningarnir gengu vel og eru yfirstaðnir, ráðið var fólk til að sjá um þá.

Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri og Lilja starfsmaður fóru á fund Miðlunar sem vildi fá frjálsar hendur við að afla allt að tíu milljóna styrktarframlaga á stuttum tíma með nafni DÍS, sem rygnu allar til Miðlunar áður en DÍS fengi notið styrkjanna til sinnar starfsemi. Það var ekki samþykkt og stjórn DÍS telur auk þess eðlilegt að fara á þeim hraða sem félagið sjálf ákveður. Rætt var aftur við fulltrúa Miðlunar og þeir vilja losna við rekstrarhlið söfnunar, enda standi það ekki undir sér að þeirra mati nema stjórn DÍS samþykki að borga aukið gjald auk venjulegrar prósentu. Það er ekki samþykkt enda var ekki samið um það þegar gengið var til samstarfs við Miðlun í upphafi. Ákveðið að það yrði fundið út úr að starfsmaður/ starfsmenn DÍS sæu um þessa vinnu auk þess sem skoða þarf hvort félagið sjái ekki sjálft um að afla styrkjanna. Verður skoðað nánar síðar.

Ekki hafði verið sími fyrir á Grensásvegi 8 og verður því að fá símamann á staðinn til að færa línuna yfir. Eftir er að flytja pósthöfn, laga loftræstingu, senda tilkynningar um breytt heimilisfang, breyta heimasíðu o.fl. Samþykkt er að gera upp við Lilju fyrir ágúst með 20% af umsömdum launum, hún telur við nánari athugun ekki henta sér að vinna sem starfsmaður í fastri stöðu enda sé önnur vinna hennar mjög tímafrek og hún geti ekki bundið sig. Samþykkt er að ganga að tilboði um 15þ tímenn fyrir vinnu hennar við sérsvið sitt sem er lögfræði, en með þeim skilningi að það væri ekki fyrir málarekstur heldur ráðgjöf í kjölfar

undirbúningsvinnu starfsmanna.

3. Staða starfsmannamála

Staðan er sú að félagið hefur frá því 2012 ráðið 5 starfsmenn og ljóst að það fyrirkomulag að starfsmaður sé einn á staðnum eða einn við vinnu gangi ekki upp, fólk endist ekki við þær aðstæður að vinna þannig eitt. Eftir stendur að fjöldi verka eru óunninn og bæði þarf að halda áfram að reka félagið og starfa að dýravernd skv tilgangi þess. Ljóst er að stjórnarmenn geta ekki gert það í eigin tíma og gefið vinnu sína, enda er það fyrirkomulag orðið úrelt í dag og ekki hægt að ætlast til þess að fólk undirgangist slíkan kost, við að gefa kost á sér í stjórn. Markmið stjórnar eru að starfsemi félagsins sé öflug, en leggist ekki í dvala um lengri tímabil, eins og saga félagsins sýnir að gerst hefur reglulega. Söfnun styrktarféлага hefur það markmið að standa undir launakostnaði enda séu almenn félagsgjöld ekki einu sinni næg til að standa undir rekstri á húsnæði félagsins. Það séu því ekki félagsgjöld sem standi undir launakostnaði, heldur framlög frá almenningi.

Hallgerður og Guðfinna leggja fram tillögu við stjórn:

Stjórnarmenn taki að sér að vinna það sem þarf að gera þar til starfsmaður hefur fundist, í verktöku á launum sem stjórnin hefur þegar veitt umboð fyrir (5000 kr/klst) og þar með einnig að finna starfsmann/ starfsmenn fyrir okkur sem væri ráðin á sama hátt tímakaupi í verktöku. Þannig er hægt að ráða fólk til reynslu án skuldbindinga og afþakka störf þeirra ef það sýnir sig að gangi ekki. Það er alveg fullreynt að reyna að ráða fólk á mánaðarlaunum og fjárfesta í innleiðingu þeirra fyrst og fremst þar sem sýnt er að þeir endast ekki við að vinna einir. Jafnframt er að okkar mati útilokað að ætlast til að stjórnarmenn vinni við að reka félagið með öllu sem þarf í frítíma sínum, gefi vinnu sína og haldi úti öflugum dýraverndarstarfi.

Tillaga okkar gengur út á að það verði alltaf tveir sem vinna saman, á staðnum, hvort sem það er (fyrst í stað), tveir stjórnarmenn, og (síðar) starfsmaður og stjórnarmaður. Þannig sé gagnkvæmur stuðningur og eftirfylgni tryggð. Að allir fái greitt fyrir þá vinnu sem flokkast sem vinna starfsmanns á staðnum. Að það séu alltaf tveir saman er að okkar mati nauðsynlegt til að veita starfsmanni/starfsmönnum aðhald og stuðning og tryggja farsælni við rekstur félagsins, t.d. að þekking og framvinda hverfi ekki.

Síðar væri hægt að minnka framlag stjórnarmanna niður í að koma og hafa eftirlit og vinna þá t.d. 1-3 klst launaða klst í viku með starfsmanni/starfsmönnum sem væru teknir við aðalþunga starfa. Slíkt mun líklega alltaf vera nauðsynlegt til að styðja við starfsmann að okkar mati, en það er seinni tíma mál að skilgreina þá þörf.

Stjórn DÍS samþykkir tillöguna og ákveðið er að halda vikulegan vinnufund í þrjú skipti til að byrja með og fara yfir framvindu á milli funda. Veitt er umboð til tveggja stjórnarmanna til að vinna alls 6 klst hvor á viku á staðnum til að byrja með en síðar 4 klst þar til starfsmaður er fundinn. Alltaf tveir saman. Starf þeirra verði fyrst í stað að vinna upp það sem þarf og svo að finna starfsmann til að taka inn til reynslu. Áhersla verði á að hefja vinnu við dýraverndarmál sem fyrst. Stjórn DÍS ákvarðar eftirfarandi ramma til að vinna eftir:

Hámark 400þ mán verða greidd sem laun alls á mánuði, sem er sama upphæð og áður var ákvörðuð sem laun, uns söfnun stendur undir meiru.

Þar af stjórnarmenn hámark 160þ (32 klst/mán)

Þar af starfsmenn sem ekki eru stjórnarmenn 240þ

5000 kr á tímann í verktöku er viðmið við almenn störf fyrir félagið. Alltaf unnið á staðnum.

Alltaf unnið tveir saman. Einnig ef unnið í fjarbúnaði: alltaf tveir saman á staðnum. Ekki greitt fyrir vinnu sem unnin er heima af einni manneskju. Þessi ákvörðun stjórnar er til að veita aðhald, stuðning og til að halda starfsemi félagsins í húsnæði þess.

Störf sem unnin eru, eru alltaf ákvörðuð með samþykki stjórnar: þ.e. tímafjöldi eftir því sem við á og hvaða verkefni eru unnin.

Vonandi gengur þetta upp svona.

Hugmyndir um tilfallandi verktaka um sérfræðileg störf:

- Lögfræðiálit og önnur slík formleg vinna (ath er talsvert dýrari en almenn). Umsjón hafa starfsmenn undir handleiðslu stjórnar.

- Háskólanemar um sérfræðisamtantekt og rökstuðning varðandi dýravernd. Umsjón hafa starfsmenn hverju sinni undir handleiðslu stjórnar.

Ath: Álit og greiningar sem unnin eru fyrir félagið eru eign þess og birtar í nafni þess eða nafni stjórnar. Ath þarf réttindamál í því samhengi.

- Söfnun, bókhald, praktísk mál, rekstur skrifstofu, tölvupóstur, símsvörun. Umsjón hafa starfsmenn undir handleiðslu stjórnar.

- Blaðgreinar og skrif. Umsjón hafa starfsmenn undir handleiðslu stjórnar. Blaðgreinar sem skrifaðar eru fyrir félagið og greitt fyrir eru eign félagsins og birtar í nafni þess eða nafni stjórnar. Ath réttindamál sbr að ofan.

- Þrif á húsnæði. Umsjón hafa starfsmenn undir handleiðslu stjórnar.

Ath að markmið er að viðvarandi starfsmenn sjái um sem flest af þessum störfum í framtíðinni, eftir því sem unnt er, enda haldi það þekkingu og framvindu sem best hjá félaginu.

4. Dýraverndarmál framundan.

Stjórn samþykkir viðmið um 50/50 dýravernd/praktískt hlutfall við vinnu. Listi verður lagður fyrir stjórn á næsta vinnufundi.

5. Aðalfundur. Ath næstu vinnufundi, undirbúið nánar.

6. Önnur mál.

Ath að styrkjaaðild er ekki það sama og félagsaðild og að það séu ekki félagsgjöld sem standi undir þessum launagreiðslum.

Fundi er slitið kl. 21:00

Niðurlag: haldnir voru þrjú vinnufundir með stjórn DÍS fram að næsta stjórnarfundum. Farið yfir framvindu mála og vinnu starfsfólks. Fundust tveir starfsmenn sem geta unnið óreglulega fyrir félagið. Hallgerður og Guðfinna unnu mesta vinnuna til að byrja með, Sunna kom inn í nóvember og gert er ráð fyrir að Björk komi inn í desember. Vinnuskýrsla er haldin í vinnudagbók DÍS sem allir stjórnarmenn og starfsmenn hafi aðgang að.

18. nóv 2019, fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands, haldinn í húsnæði félagsins að Grensásvegi 8. Mætt eru Sif um netið Ragnheiður um netið, Hallgerður um netið, Guðfinna forfallast og Benni afboðar.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt.

2. Praktísk mál. Móta persónuverndarstefnu, tillaga verði klár fyrir næsta fund. Setja síðan með undirskriftarsöfnun og á síðuna almennt, einnig tengt félagsaðild og styrktaraðild. Ath betur hvernig húsið er rekið og hver er formaður húsfélags, m.a vegna læsinga og brotinna rúða. Fá faglærðan pípara í klósettmálin. Kaupa gardínur og útvarp.

3. Humlur og líffræðilegur fjölbreytileiki, frh. Greinin klár verður birt í næsta blaði Sumarhússins og garðsins. Bréf til sveitafélaga er framunnið verði sent á Reykjavík,

Kópavog, Garðabæ, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Hafnarfjörð, Akureyri, Borgarnes, Selfoss og fleiri staði, miða við stærstu staðina sem eru með yfir 3/5þús íbúa verði klárt á næsta fundi. Plan vegna humla: S&G nív, sveitafélögin í des-jan-feb blaðagrein til almennings ca febmars, áréttu síðar í vor.

4. Dýr og heimilisofbeldi. Sif kynnir. Ákveðið að halda fund með fulltrúa frá Dýrahjálpi Íslands, með mögulega samvinnu og taka stöðuna eftir það.

5. Hreindýramál næstu skref. Kynnt gögn og næstu skref, stefna á að koma fram með það í vor.

6. Frostlögur næstu skref. Kynnt.

7. Undirskriftasöfnun, lokaskref. Taka við styrktarmálum og fl. Rætt og kynnt.

8. Önnur mál. Feif bréf ósvarað. Hallgerður óskar að vinna frekar í gagnaöflun um það sem aflaga er varðandi hesta í dag og leggja fram tillögu að næstu skrefum. Samþykkt. Eitun fyrir köttum. Drífa í að óska eftir banni við noktun á sætum frostlegi.

Fundi slitið tímanlega, næsti fundur planaður eftir jól.

Stjórnarfundir DÍS, allir mættir um netið, nema Benedikt boðar forföll.

Dags. 20. feb og framhald 1. mars 2020

1 Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.

2 Praktísk mál og framvinda, blaðagreinar og skrif

Persónuverndarstefna liggur fyrir skv yfirferð um lög og samanburð við svipaða texta. Við þurfum að lýsa yfir varðandi vafrakökur að við fylgjumst eingöngu með tölfræði um tíðni heimsókna. Weebly er með sjálfstæðar vafrakökur sem gestir samþykkja. Ath að það þarf þá að bæta inní þessa stefnu síðar þegar og ef við tökum upp t.d. auglýsingar eða frekari nýtingar á vafrakökum.

Framhald á úrræði vegna dýra í heimilisofbeldismálum; finna tíma til að halda fund með fulltrúa frá Dýrahjálpi. Ath að úrræðið sé sem mest miðað við að hjálpa dýrum.

Miðlun: búið að taka við söfnuninni frá þeim. Fengum gögn og yfirlýsingu um að engin gögn frá okkur eða sem hafi skapast vegna okkar verði notuð af hálfu Miðlunar. Hallgerður kemur í ferli innheimtu.

Launamiðar komnir: búið að senda vegna launamanns á síðasta ári og verktaka.

Launaframtal er eftir. Hallgerður klárar það.

Skráning raunverulegra eigenda: búið að ganga frá því. Formaður var skráð, verður að sjá um að afskrá sig þegar kemur að því að hún lætur að störfum.

Zoom er notað til að halda stjórnarfundum og til að skapa „herbergi“ þegar við erum að vinna. Þannig er hægt að halda því inni að fólk vinni að heiman á sama tíma og haldið er í það viðmið að það sé alltaf að vinna amk tvö saman.

Undirskriftarsöfnun vegna villikatta: fjallað um og skoðað nánar næst.

Formaður DÍS hittir Ágúst Ólaf Ágústsson alþingismann, en hann bað um upplýsingar varðandi blóðmerahald. Rætt var á þeim fundi: Umboðsmann dýra eða álíka: það vanti embætti sem fylgi eftir að unnið sé skv lögum um velferð dýra og reglugerðum sé fylgt. Að sett verði í lög að félög eins og DÍS geti kært eða sótt mál vegna brota á lögum um velferð dýra, sé ekki hægt í dag nema DÍS eigi dýrið (hugmynd frá Ágúst). Að sett verði í skattalög að einstaklingar geti styrkt líknandi starf á borð við dýravelferðarstarf, ef það er gert beint til viðkomandi félags án þess að aðrir aðilar njóti tekna af því og notið skattaafsláttar í staðin, líkt og tíðkast erlendis. Reyna að fylgja þessu eftir: t.d. skrifa blaðgrein og byrja að herja á alþingismenn með þetta.

Ákveðið að hafa einn ársreking fyrir tvö ár (2018-19) á aðalfundinum en hafa sundurliðun á milli ára í skýringum svo fólk geti glöggvað sig á milli árunna.

3 Fagråd, staða mála

Rætt um nýlega umfjöllun um fagråd á opinberum vettvangi þar sem vísað var til þess að DÍS sé að „leyfa“ tiltekna hluti í gegnum umboðsmann sinn þar. Samkvæmt lögum um fagråd vinnur sá aðili sem DÍS tilnefnir og ráðherra samþykkir sem umboðsmaður, ekki fulltrúi. Þetta getur sett stjórn DÍS í vanda, þar eð umboðsmaður starfar algerlega sjálfstætt

frá því hann er skipaður og getur í raun unnið gegn stefnu félagsins án þess að rönd verði við reist.

Það er hægt að kalla umboðsmann inn til yfirferðar á stjórnarfund, en ekki meira.

Farið yfir aðgerðir fagráðs vegna krafna um greiðslur fyrir fundarsetu í ráðinu. Kemur okkur í raun ekki við.

Hallgerður ræddi við stjórnsýslufræðing vegna skipunar og lagaumhverfis hvað varðar fagráð: Tillaga að skipa úr stjórn og útfæra umboðsbréf þannig að umboðsmaður sé skipaður úr stjórn svo samband haldist. Rætt að rökstyðja að DÍS sé ekki fagfélag heldur almenningsfélag og því ekki unnt að skilyrða til að tilnefna fagmanneskju og í raun óviðeigandi. Senda rökstuðning með tilnefningu.

4. Dýravelferð, staða og framhald: ath að stofna samráðsvettvang fyrir félög sem vinna að aukinni velferð dýra. Rætt. Eðlilegt að DÍS bjóði upp á og haldi utan um slíkan vettvang. Gæti orðið góður þrýstihópur, t.d. með áskoranir, samhæfingu og áhrif út á við. Samþykkt að vinna að útfærslu, skoða betur áfram.

5 Önnur mál: frestað með samþykki allra

Fundi frestað.

Framhald fundar:

Rætt um aðalfund DÍS 2020: stjórnarfolk ræðir framhald, flestir vilja losna úr stjórn. Rætt um árskýrslu og bókhald og framhald. Leita til bókara, fá tilboð eða verðhugmynd, 2019 + ársreikningur

Tilnefning í fagráð 2020: eftirfarandi bréf samið:

Bréfið:

Til ráðherra, afrit til Mast

DÍS tilnefnir sem umboðsmann sinn í fagráð um velferð dýra skv lögum um velferð dýra, Hallgerði Haukdóttur starfandi formann félagsins, til þriggja ára frá árinu 2020.

Stjórn DÍS lítur svo á að nauðsynlegt sé að velja fulltrúa sinn í fagráð úr stjórn félagsins til þess að halda sem bestu sambandi við hann og viðhalda þeim vettvangi samtals um

dýravelferðarmál. Við leggjum áherslu á að DÍS er félag almennings, en ekki fagfélag, og því teljum við okkur ekki skuldbundin til að tilnefna sérmenntaða fagaðila eins og hinir aðilarnir sem tilnefnda í ráðið gera, er þeir tilnefna úr sínum fagstéttum. Stjórn DÍS tilnefnir Hallgerði þar eð hún hefur áralanga reynslu og þekkingu af umfjöllum og aðkomu að málefnum dýravelferðar á Íslandi.

Samþykkt einróma á stjórnarfundum DÍS, 15. september 2020

undirskriftir

Hallgerður sér um að senda bréfið.

Önnur mál. Skrifa blaðagrein vegna umsagnar um minkahunda. Hafa samband við alþingi og gá hvort breyta megi orðalagi.

Stjórnarfundur DÍS 4. ágúst 2020

Mættir: Hallgerður formaður, Guðfinna gjaldkeri, Sif meðstjórnandi, Ragnheiður kom ekki, Benedikt kom en gat ekki verið allan tímann.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt

2. Praktísk mál. Aðalfundur húsfélagsins G8 var haldinn í vor og þar var Hallgerður skipuð í stjórn sem fulltrúi DÍS. Rætt um launamál og útfærslur: áfram unnið þannig að það sé á fundum, má vera á zoom, en alltaf að lágmarki 2 að vinna saman. Verkefni ákveðin í samræmi við vilja stjórnar. Söfnun: ákveðið að byrja á að tveir vinni í 2 tíma á viku að söfnun eftir listanum sem vannst við undirskriftarsöfnunina. Huga að bannlistum og þh. Hringt verði úr sínum DÍS. Formður verður í nánara sambandi við stjórnarmenn upp á að taka verk fyrir félagið, einnig Sunnu, Björk og leita að fleiri verktökum og helst varanlegu fólki í breytileg störf.. Unnið verði nánar í þessu fram að næsta fundi. Halda aðalfund sem allra fyrst. Benni vikur af fundi.

3. Framvinda og framhald: fiskeldi: byrja að vinna greinargerð um leið og minkarnir eru tilbúnir, einnig klára verkefnið um býflugur og frostlögur. Undirskriftarsöfnum vegna villikatta: tekið út af heimasíðunni þar eð komin eru drög að reglugerð. Mjög ánægjuleg niðurstaða. Hallgerður tekur saman lista yfir samþykkt verkefni sem allir hafi aðgang að og geti boðið sig

fram til að vinna í eða komið með tillögur um.

4. Fagráð. Rætt um skipan í fagráð og verður rætt nánar á næsta fundi og klárað þá.

5. Minkar: Hallgerður kynnir meginefni samantekt DÍS um minka á Íslandi. Samþykkt að leggja fyrir stjórn um leið og það er tilbúið og í framhaldinu að setja á heimasíðu, setja hlekk á pdf og einnig að kynna samantektina fyrir fjölmiðlum og alþingismönnum. Unnið sem vinna starfsmanns, undir eftirliti formanns.

6. Önnur mál. Lausaganga katta rædd lauslega.

Fundi slitið kl. 16:30

Frá stjórn DÍS: fundir voru áfram haldnir en aðallega sem vinnu- og framvindufundir, sérstaklega á meðan covid geysaði. Flestir þessa funda voru haldnir um netið og þar haldið utan um mál sem upp á komu. Þetta voru fundir án formlegra fundargerða enda færís beðið að halda aðalfund. Hallgerður og Guðfinna sáu áfram um helstu störf fyrir félagið, eða það sem þurfti til að rekstur þess væri eðlilegur. Helstu verkefni önnur: Vorið 2022 var veittur 500þús króna styrkur til Dýrahjálpar Íslands vegna verkefnis við að hjálpa kanínum. Skipaðar voru stjórnir til þriggja ára í þá sjóði sem DÍS hefur með höndum að skipa í. Venjulegur rekstur félagsins, samskipti við stofnanir, fjölmiðla og almenning var í venjubundnum farvegi eins og áður. Stjórnin skilaði af sér félaginu til nýrrar stjórnar eftir aðalfund í ágúst 2022 og þakkar fyrir sig.

Stjórn DÍS, ágúst 2022

Ashleya Skutvoldur
Benedikt Axelsson
Láttur Kristinsson
Sif Trausta-Clöthir
Ragnheiður Gunnarsdóttir